



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 18/2026

**Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Parka Lausna ehf.
vegna gjaldskyldra bílastæða**

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi Neytendastofu til Parka Lausna ehf., dags. 27. október 2025, var félaginu tilkynnt að stofnunin hafi ákveðið að framkvæma úttekt á upplýsingagjöf og viðskiptaháttum fyrirtækja sem sinna gjaldheimtu fyrir bílastæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins sem bæst hafa við frá því að ákvörðun stofnunarinnar nr. 19/2025 var birt. Hafi stofnunin í því tilefni farið í vettvangsathugun á landsbyggðinni, dagana 3. til 26. september, og á höfuðborgarsvæðinu þann 23. október 2025.
2. Þau bílastæði sem rekin eru af Parka Lausnum og skoðuð voru í fyrirnefndum vettvangsathugunum séu eftirfarandi: Borgartún 24, Brúarfoss, Brúarhlöð, Bræðraborgarstígur 16, Dyrhólaey, Eyvindaholt, Fagradalsfjall (P1), Fagradalsfjall (P3), Fjallsjökull, Fjaðrárgljúfur, Geysir, Glanni, Gluggafoss, Háskóli Íslands, Hótel Arnarstapi, Húsavík, Hverfjall, Jökulsárlón, Kvernufoss, Laufásgata 4, Lágmúli 4, Malarrið, Múlagljúfur, Reykjadalur, Reykjanesviti, Reynisfjara, Rútshellir, Skaftafell, Skógafoss, Skíðaskálinn í Hveradölum, Sólheimajökull, Sólheimasandur, Stuðlagil (við Grund), Stuðlagil (Klaustursel), Sveinsstekkur, Urriðafoss, Volcano Skali (P2) og Volcano Skali (P4).
3. Í kjölfarið var gerð grein fyrir skoðun Neytendastofu á eftirfarandi hátt:

Bílastæði við Borgartún 24:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að staðsetning skiltis við innkeyrslu á gjaldskylda svæðið sé til þess fallin að neytendur séu



ekki upplýstir um að ekið sé inn á gjaldskyld svæði. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að merkingar og afmörkun bílastæðisins við bílastæðið að Borgartúni 22, þar sem ógjaldskyld stæði séu til staðar, sé fullnægjandi, enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur.“

Bílastæði við Brúarfoss:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds og hærri gjalds ef lagt er lengur en 4 klst. sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Brúarhlöð:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Bræðraborgarstíg 16:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.“

Bílastæði við Dyrhólaey:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort afmörkun bílastæðisins sé nægileg því svo virðist sem að engar merkingar séu til staðar fyrr en ekið hefur verið inn á gjaldskylda svæðið. Auk framangreinds kom í ljós að ekki er gerð grein fyrir vangreiðslugjaldi og óskar stofnunin því eftir upplýsingum um hvort fyrrnefnt gjald leggist á neytendur sé ekki greitt fyrir viðveru á svæðinu innan ákveðins tíma.“



Bílastæði við Eyvindarholt:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort afmörkun bílastæðisins sé nægileg en engar merkingar um gjaldskyldu var að finna við innkeyrslu á gjaldskylda svæðið.“

Bílastæði við Fagradalsfjall (P1):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá er það mat Neytendastofu að til álita komi hvort merkingar á gjaldsvæðinu séu fullnægjandi þar sem misvísandi upplýsingar um viðverugjald eru tilgreindar á skiltum innan svæðisins. Annars vegar er kveðið á um viðverugjald að fjárhæð 1.000 kr.,- óháð stærð ökutækis og hins vegar að viðverugjald sé mishátt eftir skráðum farþegafjölda bifreiðar.“

Bílastæði við Fagradalsfjall (P3):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki er getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins bætast við viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma. Auk framangreinds kom í ljós þegar gjaldskrá sem er aðgengileg á svæðinu var borin saman við gjaldskrá sem var aðgengileg á netinu er misræmi til staðar á fjárhæð viðverugjalds.“

Bílastæði við Fjallsjökul:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá er það mat Neytendastofu að til álita komi hvort merkingar á gjaldsvæðinu séu fullnægjandi þar sem mismunandi upplýsingar um gildistíma viðverugjalds er tilgreint á upplýsingaskiltum svæðisins. Annars vegar er kveðið á um að viðverugjald gildi í 4 klst. og hinsvegar er kveðið á um í feitletruðum texta að viðverugjald gildi í 24 klst.“

Bílastæði við Fjaðrárgljúfur:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum



á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins bætist við viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma.“

Bílastæði við Geysi:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins leggst á viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Glanna:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins leggst á viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Gluggafoss:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins bætist við viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma.“

Bílastæði við Háskóla Íslands:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn.“

Bílastæði við Hótel Arnarstapa:

„Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort afmörkun bílastæðisins sé nægileg og upplýsingagjöf fullnægjandi en engar merkingar um gjaldskyldu eða verðskrá var að finna á svæðinu þrátt fyrir að svæðið sé skráð sem gjaldskyldt í smáforriti Parka.“

Bílastæði á Húsavík:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn.“



Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort afmörkun bílastæðis sé nægileg en engar merkingar voru til staðar við innkeyrslu á gjaldskylda svæðið sem upplýsir neytendur um hvar gjaldskylda svæðið byrjar og hvar það endar.“

Bílastæði við Hverfjall:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Jökulsárlón:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Auk framangreinds kom í ljós að ekki var gerð grein fyrir vangreiðslugjaldi og óskar stofnunin því eftir upplýsingum um hvort fyrrnefnt gjald leggist á neytendur sé ekki greitt fyrir viðveru innan ákveðins tíma.“

Bílastæði við Kvernufoss:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Auk framangreinds kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins leggst á viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Laufásgötu 4:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort staðsetning verðskrár sé til þess fallin að hún sé ekki birt með áberandi hætti þar sem



neytandi sem keyrir inn um aðra af tveimur innkeyrslum á svæðið verður ekki var við verðskrá svæðisins á meðan viðveru hans þar stendur.“

Bílastæði við Lágmúla 4:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að merkingar og afmörkun bílastæðisins við bílastæðið að Lágmúla 6 þar sem ógjaldskyld stæði eru til staðar, sé fullnægjandi, enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur.“

Bílastæði við Malarrið:

„Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort að afmörkun bílastæðisins sé nægileg og upplýsingagjöf fullnægjandi en engar merkingar um gjaldskyldu eða verðskrá var að finna á svæðinu þrátt fyrir að svæðið sé skráð sem gjaldskyld í smáforriti Parka.“

Bílastæði við Múlagljúfur:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Auk framangreinds er það mat Neytendastofu að til álita komi hvort merkingar á gjaldsvæðinu séu fullnægjandi þar sem mismunandi upplýsingar um gildistíma viðverugjalds er tilgreint á upplýsingaskilti svæðisins. Annars vegar er kveðið á um að viðverugjald gildi í 4 klst. og hinsvegar að viðverugjald gildi í 24 klst.“

Bílastæði í Reykjadal:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tillit til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Reykjanesvita:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á



framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Reynisfjöru (P1):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að staðsetning verðskrár sé til þess fallin að hún sé ekki birt með áberandi hætti.“

Bílastæði við Reynisfjöru (P2):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Rútshellir:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að staðsetning skiltis við innkeyrslu á svæðið sé til þess fallin að neytendum séu ekki með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar ekið er inn á svæðið af þjóðveginum úr vesturátt.“

Bílastæði við Skaftafell:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að á upplýsingaskiltum svæðisins var tilvísun til aukagjalds ef ekki sé greitt innan 24 klst. án þess að fjárhæð væri tilgreind. Þá kom einnig í ljós að enga verðskrá var að finna á svæðinu. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort upplýsingagjöf á upplýsingaskiltum svæðisins sé villandi en á skiltum sem sundurliða greiðsluleiðir er vísað til þess að auk vefsíðu Parka og greiðsluvélar sé hægt að greiða með „appi“ frá myparking sem ekki var aðgengilegt til niðurrhals við skoðun Neytendastofu.“

Bílastæði við Skógafoss:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn.“



Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Skíðaskálann í Hveradölum:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Sólheimajökul:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Sólheimasand:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Stuðlagil (Grund):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá fyrir svæðið eða aðrar merkingar um gjaldskyldu að undanskyldum tveimur upplýsingaskiltum við greiðsluvél svæðisins. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

Bílastæði við Stuðlagil (Klausturseli):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins bætist við viðverugjald sé ekki greitt fyrir viðveru innan 24 tíma.“



Bílastæði við Sveinsstekk:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að ekki var getið til um fjárhæð vangreiðslugjalds á upplýsingaskiltum á gjaldsvæðinu sem samkvæmt greiðslusíðu svæðisins bætist við viðverugjald sé ekki greitt innan 24 tíma.“

Bílastæði við Urriðafoss:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Volcano Skala (P2):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

Bílastæði við Volcano Skala (P4):

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar upplýsinganna og leturstærðar.“

4. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, kunni að eiga við um ofangreinda viðskiptahætti.
5. Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2025, vísaði stofnunin til ákvörðunar hennar nr. 19/2025, *Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Parka Lausna ehf. vegna gjaldskyldra bílastæða*. Í bréfinu var einnig vísað til ákvörðunarorða ákvörðunarinnar sem voru eftirfarandi:

„Parka Lausnir ehf., Kringlunni 4 – 6, 103 Reykjavík, hafa með því að upplýsa neytendur ekki um þjónustugjald á bílastæðum í umsjá félagsins, tilgreina ekki vangreiðslugjald á



bílastæðum í umsjá félagsins að Barónsstíg 4, Borgartúni 21, Egilsgötu 3, Egilsgötu 5, Geirsgötu 11, Hátúni 2, Bílajakjallaranum Höfðatorgi, Laugavegi 3, Eyravegi 2 og Miðbæ Selfossar (Eyravegi 1) og með því að birta enga verðskrá á bílastæðum í umsjá félagsins að Hverfisgötu 18 og Vesturgötu 42, brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Parka Lausnir ehf. hafa með því að aðgreina ekki með skýrum hætti gjaldsvæði bílastæða sem eru í umsjá Parka Lausna að Egilsgötu 3, Egilsgötu 5, Hverfisgötu 18, Laugavegi 3, Vesturgötu 42 og Barónsstíg 4 brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

6. Þá var gerð grein fyrir því að með hliðsjón af ofangreindri ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2025 hafi stofnunin ákveðið að fara í vettvangskonnnun á eftirfarandi bílastæði sem þjónustuð eru af Parka og ákvörðun stofnunarinnar beindist að: Barónsstígur 4, Borgartún 21, Egilsgata 3, Eyravegur 1, Eyravegur 2, Geirsgata 11, Grensásvegur 1, Guðrúnartún 1, Hátún 2, Hverfisgata 18, Laugavegur 3 og Vesturgata 42.
7. Í fyrirnefndri vettvangskonnnun sem fram fór á Selfossi þann 6. september 2025 og á höfuðborgarsvæðinu þann 23. október 2025 hafi komið í ljós að ákveðnar úrbætur hafi verið gerðar á sumum bílastæðunum sem stofnunin kannaði og talin voru upp í bréfi stofnunarinnar. Meðal úrbóta var að á stöku stað sé nú gerð grein fyrir því að gjald kunni að leggjast á neytendur við að nýta sér stafræna greiðslulausn við greiðslu fyrir viðveru á gjaldskyldum svæðum. Aftur á móti var enn ekki gerð grein fyrir fjárhæð gjalds sem leggst á neytendur við að greiða með stafrænni greiðslulausn. Þá kom til álita að mati stofnunarinnar hvort að framsetning upplýsinga um fyrirnefnt gjald sé veitt með skýrum, áberandi og aðgengilegum hætti með tilliti til staðsetningar og leturstærðar. Auk framangreinds kom að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds á þeim bílastæðum sem voru skoðuð hafi verið komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.
8. Þá var í kjölfarið gerð grein fyrir því að stofnunin taldi að til álita kæmi hvort að bílastæði að Laugavegi 3, Hverfisgötu 18, Vesturgötu 42 og Barónsstígi 4 væru nægilega afmörkuð. Var í kjölfarið gert grein fyrir skoðun Neytendastofu á stæðunum með eftirfarandi hætti:

Barónsstígur 4:

„Það er mat Neytendastofu að til álita komi hvort merkingar og afmörkun bílastæðisins við bílastæðið að Barónsstíg 2-4, þar sem annað félag sinnir gjalddöku og hefur staðsett skilti fyrir framan gjaldskyld stæði Parka, sé fullnægjandi enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur“



Hverfisgata 18:

„Engar merkingar var að finna við innkeyrslu á gjaldskylda svæðið þegar ekið er inn á það úr austri auk þess að ekki voru sjáanlegar merkingar til aðgreiningar á gjaldskylda svæðinu og aðliggjandi lóð að Hverfisgötu 16. Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort afmörkun gjaldsvæðisins sé fullnægjandi enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur.“

Laugavegur 3:

„Engar merkingar var að finna um gjaldskyldu eða aðgreiningu gjaldskylds svæðis að frátöldu skilti sem staðsett var á húsvegg innan þess svæðis sem á að vera gjaldskyldt. Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort afmörkun gjaldsvæðisins sé fullnægjandi enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur.“

Vesturgata 42:

„Að frátöldu einu skilti á ljósastaur er engar merkingar að finna sem gefa til kynna gjaldtöku. Þá er það mat Neytendastofu að til álita komi hvort afmörkun bílastæðisins við önnur bílastæði í götunni þar sem bílastæðasjóður sinnir gjaldtöku, sé fullnægjandi enda kann það að skapa ruglingshættu fyrir neytendur. Auk framangreinds kom í ljós við skoðun stofnunarinnar að ekki var gerð grein fyrir fjárhæð viðverugjalds og gjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.“

9. Auk framangreinds kom í ljós við vettvangseftirlit stofnunarinnar að ekki var getið um kostnað vegna notkunar á smáforriti Parka Lausna við greiðslu á miðum félagsins sem staðsettir eru á greiðsluvélum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur.
10. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, kunni að eiga við um málið.
11. Þá var athygli félagsins vakin á að ef um brot á ákvörðun Neytendastofu sé að ræða komi iðulega til skoðunar hvort beita þurfi sektum eða öðrum úrræðum sbr. IX. kafla laga nr. 57/2005.
12. Svar Parka barst Neytendastofu með tölvubréfi þann 1. desember 2025. Þar kom fram að Parka hafi undanfarna mánuði unnið að margvíslegum breytingum til að auka skýrleika, m.a. eftir ábendingar Neytendastofu. Sumar breytingar hafi verið frágengnar í miðri



athugun Neytendastofu, aðrar síðar, og að síðustu séu einhverjar sem unnið er með sérfræðingum að þróun á áður en þær komast í hendur rekstraraðila.

13. Þá vilji félagið leiðrétta misskilning sem að sögn þess virðist stundum vera úti í samfélaginu um þátt og aðkomu Parka að bílastæðum um það að Parka eigi engin bílastæði og reki engin bílastæði og sé þar af leiðandi ekki rekstraraðili þeirra. Parka sé þjónustu- og nýsköpunarfyrirtæki sem færir eigendum og rekstraraðilum bílastæða í sveit og borg íslenskt hugvit í formi hugbúnaðar, þjónustu í formi gjaldtöku sem og ráðgjafar. Kostnaður vegna merkinga bílastæða sé ávallt rekstraraðila/eigenda bílastæða.
14. Fram kom að Neytendastofa ákvarðaði í sumar um birtingu upphæða vangreiðslugjalda en félagið hafi virt þá ákvörðun að fullu og brugðist við með því að uppfæra merkingar á skiltum í samstarfi við rekstraraðila. Meðan beðið var eftir að merkingar færu upp á skiltum þá var ekki gengið á eftir vangreiðslugjöldum á viðkomandi svæðum.
15. Þá kom fram að eftir mikla vinnu með sérfræðingum í notendamiðaðri hönnun sé komið að því verkefni að styðja rekstraraðila í að merkja sín stæði með skýrari og betri hætti. Það sé byggt á alþjóðlegum fyrirmyndum og stöðlum sem og notendaprófunum og viðtölum við notendur af bílastæðum í þjónustu Parka.
16. Þá kom fram að uppfærð skilti munu birta allar þær upplýsingar sem við eigi varðandi viðkomandi bílastæði og þóknanir fyrir bílastæði, hvort sem það séu þóknanir fyrir staðgreiðslu, eða t.d. vangreiðslugjöld. Neytandinn muni alltaf hafa val um að greiða gjald samkvæmt verðskrá án aukagjalda. Kjósi hann hins vegar að spara sér sporin þá geti hann sett upp smáforrit sem geri honum mögulegt að greiða fyrir viðveruna.
17. Fram kom að smáforrit Parka sé greiðslumiðill og fyrir notkun hans séu tekin þjónustugjöld sem neytandi sé upplýstur sérstaklega um skv. verðskrá og verði að veita upplýst samþykki. Þá kom fram að þetta sé dæmi um valkvæða þjónustu, ótengda bílastæðagjöldum og að upplýsingar um það teljast viðbótarupplýsingar sem getið sé til um nær notandanum, í þessu tilfelli smáforritinu sjálfu.
18. Þá kom fram að í tilfelli Parka hafi notendur val um nokkrar leiðir til greiðslu, þar á meðal þjónustugjöld, 86 kr. pr. lagningu eða 490 kr. mánaðargjald, eða með reikningsviðskiptum, með þeim skilmálum sem viðkomandi hefur samið um fyrir þá þjónustu. Með þessum hætti sé tryggt að neytendur hafi á hverjum tíma aðgang að réttum og uppfærðum upplýsingum áður en greiðslan fer fram. Allir notendur séu því upplýstur um fullt gjald.
19. Þá var tekið fram að í þeim tilfellum þar sem neytandi hafi ekki um aðra leið að velja, þá sé allstaðar tryggt að hann geti greitt uppsett verð, án þjónustugjalda.



20. Í kjölfarið komu fram svör við athugasemdum Neytendastofu um eftirfarandi bílastæði og áréttað að Parka sé ekki rekstraraðili neinna þessara bílastæða, en taki engu að síður saman svör við ábendingum stofnunarinnar:

Borgartún 24:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin. Þeim viðbótarupplýsingum verði komið á framfæri beint til notanda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og taki hönnunin á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinganna. Verið sé að skoða hvernig megi bæta sýnileika skiltanna og draga úr hættu á ruglingi gagnvart bílastæðinu við Borgartún 22 en það verði tekið til skoðunar samhliða innleiðingu nýrrar skiltahönnunar, þar sem markmiðið sé að aðgreina svæðið betur og tryggja að merkingar séu skýrar við innkeyrslu.

Brúarfoss:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin. Þeim viðbótarupplýsingum verði komið framfæri beint til notanda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og taki hönnunin á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga. Verið sé að skoða hvernig megi bæta framsetningu upplýsinga um fjárhæð vangreiðslugjalds og hærra gjalds eftir 4 klst. stöðu. Þetta verði unnið í samráði við rekstraraðila svæðisins til að tryggja að upplýsingarnar verði sýnilegri og skýrari fyrir notendur. Þetta hafi ekki komið upp að félaginu vitandi og hafi því farið fram hjá því, en eins og fram hefur komið muni félagið laga þetta eins fljótt og auðið sé.

Bílastæðið við Brúarhlöð:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemdum stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin. Þeim viðbótarupplýsingum verði komið á framfæri til notanda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og taki hönnunin á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á



skiltum og framsetningu upplýsinganna. Skilti verði bætt við sem veiti upplýsingar um gjaldskyldu og að uppsetning þess sé í ferli.

Bílastæði við Bræðraborgarstíg 16:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemdum stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin. Þeim viðbótarupplýsingum verði komið á framfæri til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Dyrhólaey:

Ekkert vangreiðslugjald sé á bílastæðum í rekstri Náttúruverndarstofnunar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velji að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum verði komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á athugasemdum Neytendastofu og bætir framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingu á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Eyvindarholt:

Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga. Nýja skiltahönnunin taki á birtingu verðskrár og öðrum upplýsingum sem vantaði. Þá kom fram að staðsetning og sýnileiki skilta verði endurskoðað í leiðinni til að tryggja skýrari afmörkun og að merkingar um gjaldskyldu séu sýnilegar við innkeyrslu.

Bílastæði við Fagradalsfjall (P1 og P3):

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemdum stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin. Þeim viðbótarupplýsingum verði komið á framfæri til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá kom fram að rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.



Bílastæði við Fjallsjökul:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Búið sé að samræma upplýsingar á vef, í smáforriti og á skiltum og komi nú skýrt fram að viðskiptavinir hafi 4 klukkustundir til að greiða fyrir viðveru. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og að hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Fjaðrárgljúfur:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Geysi:

Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velji að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á athugasemdum stofnunarinnar og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga. Þá kom fram að rétt sé að það vanti upplýsingar um vangreiðslugjald og að félagið sé þegar að vinna að úrbótum og bæti upplýsingarnar sem fyrst í samvinnu við rekstraraðila.

Bílastæði við Glanna:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velji að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri



endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Gluggafoss:

Ný skilti við gluggafoss séu í vinnslu og verði sett upp við fyrsta tækifæri. Skiltin muni taka á athugasemdum stofnunarinnar og bæta framsetningu upplýsinga á svæðinu.

Bílastæði við Háskóla Íslands:

Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velji að nota sér smáforrit til að spara sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Hótel Arnarstapa:

Bílastæðin við Hótel Arnarstapa séu ekki lengur í þjónustu hjá Parka. Allar upplýsingar því tengdu hafa verið fjarlægðar af vefsíðu og úr smáforriti.

Bílastæði í Húsavík:

Gjaldskylda sé í Húsavík frá 1. september til 1. maí ár hvert. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Hverfjall:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.



Bílastæði við Jökulsárlón:

Ekkert vangreiðslugjald sé á bílastæðum í umsjá Náttúruverndarstofnunar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Kvernufoss:

Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á athugasemdum stofnunarinnar og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Laufásgötu 4:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Lágmúla 4:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.



Bílastæði við Malarrif:

Skilti séu nú staðsett við Malarrif og að þar komi fram að um gjaldskyld svæði sé að ræða auk þess að verðskrá sé þar að finna. Ekkert vangreiðslugjald sé á bílastæðum í rekstri Náttúruverndarstofnunar.

Bílastæði við Múlargljúfur:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Búið sé að samræma upplýsingar á vef, í smáforriti og á skiltum þannig að nú komi skýrt fram að viðskiptavinir hafi 4 klukkustundir til að greiða fyrir viðveru. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði í Reykjadal:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Reykjanesvita:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Reynisfjöru (eitt gjaldsvæði)

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim



viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Rútshelli:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig hafi verið brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Skaftafell:

Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velji að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Skógaþess:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Skíðaskálann í Hveradölum:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig hafi félagið brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki



á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Sólheimajökul:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Sólheimasand:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Einnig muni staðsetningar skilta og fjöldi vera endurskoðaður. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Stuðlagil (við Grund):

Nýtt skilti hafi verið sett upp sem taki á athugasemdum stofnunarinnar.

Bílastæði við Klaustursel:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Sveinsstekk:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að



Þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Urriðafoss:

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Á meðan ekki sé uppsett greiðsluvél við Urriðafoss sé ekki tekið þjónustugjald fyrir notkun á smáforriti Parka og því eigi athugasemd stofnunarinnar ekki við þegar bréfið er skrifað. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Volcano Skála (P2):

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Bílastæði við Volcano Skála (P4):

Fjárhæð vangreiðslugjalds hafi verið komið á framfæri með skýrum og aðgengilegum hætti og þannig brugðist við athugasemd stofnunarinnar. Skiltin verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bæti framsetningu upplýsinga á svæðinu. Rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.



Barónsstígur 4:

Skilti á vegum annars félags hefur verið fært og sé nú staðsett við inngang gjaldskylds svæðis í þeirra þjónustu.

Hverfisgata 18:

Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna. Hönnunin taki á athugasemdum er varða aðgreiningu milli lóða og bætir framsetningu upplýsinga á svæðinu. Athugasemdum stofnunarinnar er varða merkingar vegna aðkomu úr austri verði komið til rekstraraðila en rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taka ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.

Laugavegur 3:

Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna. Hönnunin taki á athugasemdum stofnunarinnar er varða aðgreiningu milli lóða og bætir framsetningu upplýsinga á svæðinu. Þá hafi engin vangreiðslugjöld verið gefin út hingað til þar sem vinna með rekstraraðila hafi verið í ferli til að bæta aðstæður.

Vesturgata 42:

Skilti verði uppfærð þannig að þjónustugjald geti átt við fyrir þá sem velja að nota smáforrit til að spara sér sporin en þeim viðbótarupplýsingum sé komið á framfæri beint til notenda í smáforriti. Í samráði við rekstraraðila sé verið að setja upp betri skilti en rekstraraðilar beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga. Ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna en hönnunin taki á þessum athugasemdum og bætir framsetningu upplýsinga á svæðinu.

21. Í lok bréfsins kom fram að Parka hafi tekið ábendingum Neytendastofu í sumar alvarlega og hafi farið í verulegt endurskoðunar- og umbótastarf í kjölfarið. Þá bendir félagið á að slík vinna sé því miður ekki unnin á örfáum vikum, þó svo félagið hafi lagt áherslu á að halda góðum gangi í verkefninu. Félagið óski þess að tekið verði tillit til þeirrar vinnu sem nú standi yfir og nái yfir alla starfsemi félagsins í mun stærra samhengi, samhliða þeim bráðabirgða úrbótum sem gripið var til á öllum stæðum í sumar og haust.
22. Með bréfi Parka til Neytendastofu, dags. 12. febrúar 2026, var stofnunin upplýst um að félagið væri búíð að endurbæta skiltin sem það hafi unnið að með sérfræðingum undanfarna mánuði í takt við athugasemdir stofnunarinnar. Þar kom m.a. fram hámarks möguleg aukagjöld sem eru einnig skýrð skilmerkilega í smáforriti og/eða vef þegar það á við. Þá kom fram að í öllum tilfellum sé neytendum gefinn kostur á að greiða uppsett verð sem kemur fram á skiltum stæðis.



23. Auk framangreinds kom fram að það að koma öllum upplýsingum um öll möguleg gjöld, eins og t.d. við Háskóla Íslands, að á skilti, eigi félagið erfitt með að sjá með nokkru móti að sé til bóta fyrir neytendur og þar eigi því best við það sem segir í leiðbeiningum stofnunarinnar að það séu „viðbótarupplýsingar sem megi veita annarstaðar.
24. Með bréfi félagsins fylgdu myndir sem sýna nýjar merkingar þar sem m.a. koma fram upplýsingar um færslugjald og vangreiðslugjald auk kostnaðar fyrir viðveru.
25. Með tölvubréfi Neytendastofu til Parka, dags. 16. febrúar 2026, kom fram að Neytendastofa teldi upplýsingarnar á þessum skiltum mæta þeim kröfum sem stofnunin hefur gert. Þá óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hvort að skiltin verði sett upp á öllum bílastæðum félagsins.
26. Með bréfi Neytendastofu til Parka, dags. 27. febrúar 2026, var vísað til fyrra bréfs félagsins og fyrirspurn stofnunarinnar um hvort fyrrnefnd skiltahönnun verði sett upp á öllum bílastæðum félagsins, ítrekuð. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum um hvenær félagið áætli að búið verði að koma nýju skiltunum upp á þeim bílastæðum sem stofnunin hafi gert athugasemdir við.
27. Með tölvubréfi félagsins, dags. 3. mars 2026, var stofnunin upplýst um að félagið hafi þegar sent öllum rekstraraðilum sem starfa með Parka tilkynningu þar sem verkefnið var kynnt og upplýst um að unnið væri að uppfærslu allra bílastæða í samræmi við leiðbeiningar Neytendastofu. Í kjölfarið hafi félagið verið í beinu sambandi við flesta þeirra og sé nú að skipuleggja framkvæmdina á hverjum stað.
28. Þá kom fram að áform félagsins séu að ný skiltahönnun verði tekin upp á öllum bílastæðum félagsins. Hvað tímasetningu varði sé erfitt að gefa upp nákvæma lokadagsetningu á þessu stigi þar sem framkvæmdin sé háð samráði og verklegri útfærslu hjá hverjum rekstraraðila. Félagið geri þó ráð fyrir að verkefnið taki nokkra mánuði og geti staðið fram á seinni hluta ársins. Verkefninu hafi verið forgangsraðað þannig að þau svæði þar sem félagið telji úrbótaþörf mesta samkvæmt núverandi leiðbeiningum eru tekin fyrst.
29. Að lokum kom fram að félagið muni halda Neytendastofu upplýstri um framvindu mála og veita nánari upplýsingar eftir því sem verkefninu vindur fram.
30. Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. maí 2026, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hvernig fjárhæð færslugjalds, sem leggjast kann á viðskiptavinum Parka, sé komið á framfæri við neytendur á þeim bílastæðum þar sem fleiri en ein greiðslulausn sé í boði, t.d. á bílastæðum í umsjá Isavia ohf. og Isavia Innanlandsflugvalla ehf. Þá kom fram að með vísan til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 3/2025 og 5/2025 sé það



álit Neytendastofu að sé boðið upp á fleiri en eina greiðslulausn á gjaldskyldu bílastæði kunni ábyrgð á upplýsingagjöf er viðkemur færslugjaldi greiðslulausna að hvíla á viðkomandi rekstraraðila greiðslulausnar eða eftir atvikum sameiginlega á rekstraraðila bílastæðis og rekstraraðila greiðslulausnar.

31. Með bréfi Parka, dags. 22. maí 2026, kom fram að félagið hafi, líkt og Neytendastofa hafi bent á í erindi sínu, hannað ný skilti á þeim bílastæðum þar sem Parka sjái um myndavélaeftirlit og gjaldtöku fyrir hönd rekstraraðila. Á þeim skiltum komi nú fram allar upplýsingar um gjöld og viðbótargjöld, þ. á m. vangreiðslugjöld, auk upplýsinga um færslugjald. Bent sé á að samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 hvílir skylda til verðmerkingar á seljanda þjónustu á sölustað. Parka sé ekki seljandi bílastæðþjónustu á þeim bílastæðum sem rekstraraðilar eins og Isavia reki, heldur veitir félagið sjálfstæða greiðslumiðlunarþjónustu. Með framangreindum ráðstöfunum, þ.e. uppsetningu skilta á bílastæðum sem Parka hefur umsjón með fyrir hönd rekstraraðila, telur Parka sig hafa gengið lengra en þær skyldur sem á félaginu hvíla. Þessar ráðstafanir endurspegli vilja Parka til að stuðla að upplýsingamiðlun og gagnsæi gagnvart neytendum umfram það sem lög og reglur áskilja. Auk þess séu allir notendur smáforrits Parka upplýstir við skráningu um færslugjald eða mánaðargjald og samþykkja skilmála félagsins áður en til viðskipta stofnast.
32. Varðandi rekstraraðila bílastæða þar sem Parka sjái ekki um myndavélaeftirlit og gjaldtöku, svo sem Isavia ohf. og Isavia innanlandsflugvalla ehf., bendi Parka á að þegar notandi velji viðkomandi svæði í Parka smáforritinu birtist verðskrá svæðisins ásamt skýrri tilvísun í færslugjald Parka fyrir viðkomandi þjónustu. Færslugjaldið birtist áður en notandi staðfestir greiðslu og þarf notandinn að samþykkja gjaldið sérstaklega. Þessi upplýsingagjöf fari fram í hvert sinn sem notandi hefur viðskipti í gegnum smáforritið, þannig að neytandinn sé ávallt upplýstur um færslugjaldið áður en hann skuldbindi sig til greiðslu. Jafnframt sé notendum bent á hvar nánari upplýsingar um gjaldskrá sé að finna í smáforritinu. Þá samþykki allir notendur skilmála Parka við skráningu, en í þeim skilmálum sé meðal annars vísað til verðskrár félagsins sem birt sé á heimasíðu þess. Að mati Parka sé þessi endurtekna og skýra upplýsingagjöf í smáforritinu til þess fallin að uppfylla þá upplýsingaskyldu sem hvíli á seljanda þjónustu á sölustað, enda megi líta á smáforritið sem sölustað í skiningi 17. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 þar sem allt viðskiptaferlið, frá upplýsingagjöf til greiðslu, fari fram á þeim vettvangi. Rétt sé að benda á í þessu samhengi að í úrskurði áfrýjunarnfendar neytendamála nr. 5/2025 var sá hluti ákvörðunar Neytendastofu sem laut að brotum Isavia vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar um gjald fyrir notkun stafrænna greiðslulausna felldur úr gildi. Þá kom fram að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að Parka væri sjálfstætt fyrirtæki gagnvart Isavia, bæði í lögfræðilegum og efnahagslegum skilningi, og að neytendur sem noti Parka smáforritið greiði í reynd fyrir tvennskönar



þjónustu, annars vegar þjónustu Parka og hins vegar afnot af bílastæði rekstraraðilans. Parka telji að þessi niðurstaða undirstriki sjálfstæði félagsins sem rekstraraðila greiðslulausnar og að upplýsingaskylda vegna færslugjalds Parka hvíli fyrst og fremst á Parka sem veitanda þeirrar þjónustu. Eins og að framan greinir telji Parka sig uppfylla þá skyldu með fullnægjandi hætti. Hvað varði hugsanlega sameiginlega ábyrgð rekstraraðila bílastæðis og rekstraraðila greiðslulausnar, sem stofnunin vísi til í bréfi sínu, telji Parka að félagið uppfylli þegar þær skyldur sem af slíkri ábyrgð kunna að leiða, enda séu neytendur upplýstir um færslugjald bæði í smáforritinu og í skilmálum félagsins. Parka telji að sömu sjónarmið eigi við um önnur bílastæði þar sem boðið sé upp á Parka sem greiðslulausn.

33. Auk framangreinds kom fram að í ljósi innihalds bréfsins telji Parka að félagið uppfylli þær kröfur sem gerðar séu til upplýsingagjafar um færslugjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum. Á þeim bílastæðum þar sem Parka sjái um myndavélaeftirlit og gjaldtöku hafi félagið bætt við upplýsingum um færslugjöld á skilti. Hvað varði bílastæði þar sem annar rekstraraðili sjái um rekstur, svo sem Isavia, séu neytendur upplýstir um fjárhæð færslugjalds í Parka smáforritinu áður en til viðskipta stofnist og samþykki skilmála félagsins við skráningu. Parka telji sig því hafa gert fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja upplýsingagjöf til neytenda um færslugjöld félagsins.
34. Með bréfi Neytendastofu til Parka, dags. 22. júní 2026, var gagnaöflun lýst lokið og félaginu tilkynnt að málið yrði tekið til ákvörðunar.

II. Niðurstaða

35. Mál þetta lýtur að upplýsingagjöf Parka Lausna ehf. við birtingu á verði er varða viðveru á bílastæði, gjald fyrir notkun greiðslulausnar sem félagið hefur einnig kallað „færslugjald“ og verður notast við í ákvörðun þessari og hærra gjalds ef ekki er greitt fyrir viðveru innan fyrirframtilgreinds tíma sem félagið hefur einnig kallað „vangreiðslugjald“ og verður notast við í ákvörðun þessari. Þá snýr mál þetta einnig að viðskiptaháttum félagsins er varða afmörkun bílastæða í umsjá Parka, misvísandi upplýsinga um viðverutíma og gjaldsvæði auk rangrar upplýsinga um greiðsluleiðir. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, kynnu að eiga við í málinu. Auk framangreinds kemur til álita hvort Parka Lausnir hafi gert viðeigandi úrbætur á upplýsingagjöf og viðskiptaháttum til samræmis við ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2025.



36. Við meðferð málsins hefur Parka gert ýmsar úrbætur til að mæta þeim athugasemdum sem Neftendastofa hefur gert. Þá hefur félagið jafnframt lagt áherslu á að rekstraraðilar hvers stæðis beri endanlega ábyrgð á svæðunum og taki ákvarðanir um breytingar á skiltum og framsetningu upplýsinga.
37. Parka kemur fram fyrir hönd eigenda þeirra bílastæða sem félagið þjónustar og veitir upplýsingar á vefsíðu og smáforriti sínu um gjaldsvæði þeirra bílastæða þar sem skoðun Neftendastofu fór fram. Þá eiga neytendur í samskiptum við Parka en ekki eigendur bílastæðanna ef vandamál koma upp auk þess sem skilti og/eða greiðsluvélar á fyrirnefndum gjaldsvæðum eru merkt féluginu. Telur stofnun að framangreindu virtu það vera á ábyrgð Parka að sjá til þess að neytendur séu upplýstir um það verð sem þeir greiða fyrir viðveru á bílastæðum í umsjá félagsins.
38. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. eru þeir viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla alltaf óréttmætir. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Í 1. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a. - g. lið 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í b. lið kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar. Enn fremur kemur fram í d. lið sömu greinar að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Þá kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megja að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að fyrirtæki sem selji vörur eða þjónustu til neytenda, skuli verðmerkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Á grundvelli 17. og 18. gr. laganna hefur stofnunin sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Í 1. mgr. 3. gr. reglnanna segir að á sölustað sé skylt að gefa upp verð fyrir þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum



krónum og að ef annar kostnaður bætist við söluverðið þurfi að taka það sérstaklega fram. Þá segir í 1. mgr. 4. gr. reglnanna að verðskrá fyrir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt og skuli verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að ljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin eigi við.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2025

39. Með ákvörðun nr. 19/2025, dags. 5. júní 2025, komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Parka hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 537/2011 með því að upplýsa neytendur ekki um þjónustugjald á bílastæðum í umsjá félagsins; með því að tilgreina ekki vangreiðslugjald á bílastæðum í umsjá félagsins að Barónsstíg 4, Borgartúni 21, Egilsgötu 3, Egilsgötu 5, Geirsgötu 11, Hátúni 2, Bílakjallaranum Höfðatorgi, Laugavegi 3, Eyravegi 2 og Miðbæ Selfossar (Eyravegi 1); með því að birta enga verðskrá á bílastæðum í umsjá félagsins að Hverfisgötu 18 og Vesturgötu 42; með því að aðgreina ekki með skýrum hætti gjaldsvæði bílastæða í umsjá Parka Lausna að Egilsgötu 3, Egilsgötu 5, Hverfisgötu 18, Laugavegi 3, Vesturgötu 42 og Barónsstígi 4; og með því að auglýsa þjónustu sína ranglega sem endurgjaldslausa á gjaldmælum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur og með því að gefa ranglega til kynna að þjónustan „keyrt og kvitt“ sé fyrir hendi á bílastæðum í umráðum félagsins að Borgartúni 21, Egilsgötu 3 og 5, Geirsgötu 11, Grensásvegi 1, Guðrúnartúni 1, Hátúni 2, Hverfisgötu 18, Bílakjallaranum á Höfðatorgi, Laugavegi 3, og Miðbæ Selfossar (Eyravegi 1). Bannaði stofnunin félaginu í kjölfarið að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beindi þeim fyrirmælum til Parka að koma merkingum á gjaldtökustað í það horf að þær uppfylli skilyrði laga nr. 57/2005 og reglna nr. 537/2011.
40. Við skoðun Neytendastofu á Selfossi þann 6. september 2025 og á höfuðborgarsvæðinu þann 23. október 2025 gerði stofnunin athugasemdir við að hún teldi ekki hafa verið unnar nægar úrbætur í kjölfar ákvörðunar hennar. Þannig hafði félagið í nokkrum tilvikum bætt upplýsingum á skilti um að færslugjald bættist við þegar smáforrit Parka væri notað en fjárhæð þess var hvergi tilgreint. Stofnunin gerði athugasemdir við sýnileika vangreiðslugjalds á bílastæðum að Barónsstígi 4, Borgartúni 21, Egilsgötu 3, Eyravegi 1 og 2, Geirsgötu 11, Grensásvegi 1, Hátúni 2, Hverfisgötu 18, Laugavegi 3 og Vesturgötu 42. Auk þess sem hún gerði athugasemd við afmörkun bílastæða að Barónsstíg 4, Hverfisgötu 18, Laugavegi 3 og Vesturgötu 42 þar sem enn skorti skýra aðgreiningu á lóðamörkum við aðliggjandi stæði.
41. Þegar skoðun Neytendastofu fór fram hafði Parka þá þegar hafið ítarlega vinnu til að bregðast við athugasemdum stofnunarinnar. Þannig hafði félagið unnið í uppfærslu á skiltum bílastæðanna sem byggir m.a. á notendaprófunum og viðtölum við notendur af bílastæðum í þjónustu Parka en á meðan beðið væri eftir að merkingar færu upp á skiltum gekk félagið ekki á eftir vangreiðslugjöldum á viðkomandi svæðum. Þá upplýsti félagið



stofnunina undir meðferð málsins að skilti á vegum annars félags hafi verið fært og sé nú staðsett við inngang gjaldskylds svæðis í þeirra þjónustu að Barónsstíg 2-4. Auk framangreinds kom fram að athugasemdum hafi verið komið til rekstraraðila að Hverfisgötu 18 og að í samráði við rekstraraðila sé verið að setja upp betri skilti við Vesturgötu 42.

42. Með tölvubréfi, dags. 12. febrúar 2026, var stofnuninni tilkynnt um nýja skiltahönnun sem mætti kröfum ákvörðunarinnar en átti þá eftir að setja uppfærð skilti upp á bílastæðum í umsjá félagsins. Þrátt fyrir að félagið hafi strax brugðist við athugasemdum Neytendastofu í eftirfylgni með ákvörðuninni liggur fyrir að ýmsar úrbætur voru ekki gerðar fyrir en athugasemdir stofnunarinnar bárust, fimm mánuðum eftir birtingu ákvörðunarinnar, og að minnsta kosti átta mánuðir liðu frá birtingu ákvörðunar þar til farið hafði verið að henni að fullu. Með vísan til framangreinds hefur Parka brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2025 með því að tilgreina ekki færslugjald á bílastæðum sem til skoðunar komu í ákvörðuninni; með því að tilgreina vangreiðslugjald ekki með skýrum og auðsýnilegum hætti við bílastæði að Barónsstíg 4, Borgartúni 21, Egilsgötu 3, Eyravegi 1 og 2, Geirsgötu 11, Hátúni 2 og Laugavegi 3; með því að birta ekki verðskrá með skýrum og auðsýnilegum hætti á bílastæði að Vesturgötu 42; og með því að aðgreina ekki með skýrum hætti gjaldsvæði í umsjá félagsins að Barónsstíg 4, Hverfisgötu 18, Laugavegi 3 og Vesturgötu 42.

Upplýsingar um færslugjald

43. Í máli þessu kemur til álita hvort gerð hafi verið grein fyrir færslugjaldi með skýrum, áberandi og auðsýnilegum hætti á þeim bílastæðum þar sem neytendur eru upplýstir um að greiðslulausn félagsins stendur til boða.
44. Í þeim tilvikum þar sem neytendur greiða fyrir bílastæði með greiðslulausn Parka bætist í flestum tilvikum við færslugjald fyrir notkun greiðslulausnarinnar. Við skoðun Neytendastofu kom í ljós að ekki var gerð grein fyrir fjárhæð fyrrnefnds gjalds á bílastæðum í umsjá Parka og á greiðsluvélum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur. Þá óskaði stofnunin undir meðferð málsins eftir upplýsingum um hvernig fjárhæð gjaldsins væri komið á framfæri við neytendur þar sem fleiri en ein greiðslulausn er í boði og var stofnunin í kjölfarið upplýst um að neytendur séu upplýstir um fjárhæð gjaldsins í smáforriti Parka áður en til viðskipta stofnast og í skilmálum félagsins við skráningu.
45. Í svörum Parka hefur komið fram að neytandi muni alltaf hafa val um að greiða gjald samkvæmt verðskrá án aukagjalda en kjósi hann að spara sér sporin geti hann sett upp smáforrit sem geri honum mögulegt að greiða fyrir viðveru. Parka sé greiðslumiðill og fyrir notkun hans séu tekin þjónustugjöld sem neytandi sé upplýstur sérstaklega um. Að mati félagsins sé um að ræða valkvæða þjónustu, ótengda bílastæðagjöldum og að



upplýsingar um það teljist til viðbótarupplýsinga sem getið er um í smáforritinu sjálfu. Þá kom fram að hafi neytandi ekki um aðra greiðslulausn að velja þá sé allstaðar tryggt að hann geti greitt uppsett verð, án þjónustugjalda.

46. Auk framangreinds kom fram í svörum Parka að félagið sé ekki seljandi bílastæðapjónustu á þeim bílastæðum sem rekstraraðilar eins og Isavia reka, heldur veiti það sjálfstæða greiðslumiðlunarpjónustu. Allir notendur Parka smáforritsins séu upplýstir við skráningu um færslugjald eða mánaðargjald og samþykki skilmála félagsins áður en til viðskipta stofnist. Í skilmálum sé vísað til verðskrár félagsins sem birt sé á heimasíðu þess auk þess sem verðið sé aðgengilegt í smáforritinu og neytendur þurfi að samþykkja gjaldið sérstaklega. Það sé mat Parka að þessi skýra endurtekna upplýsingagjöf í smáforritinu sé til þess fallin að uppfylla þá upplýsingaskyldu sem hvílir á seljanda þjónustu á sölustað, enda megi líta á smáforritið sem sölustað í skilningi 17. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 þar sem allt viðskiptaferlið frá upplýsingagjöf til greiðslu fari fram á þeim vettvangi.
47. Þá hefur félagið bent á í svörum sínum að í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2025 hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að Parka væri sjálfstætt fyrirtæki gagnvart Isavia, bæði í lögfræðilegum og efnahagslegum skilningi, og að neytendur sem noti smáforrit Parka greiði í reynd fyrir tvenns konar þjónustu, annars vegar Parka og hins vegar afnot af bílastæði rekstraraðilans.
48. Á seljendum hvílir afdráttarlaus skylda til að greina frá upplýsingum sem almennt megi telja að skipti neytendur máli við ákvörðun um að eiga viðskipti. Þannig ber seljendum að upplýsa neytendur um endanlegt verð áður en til samningssambands stofnast eða tilgreina alla þætti sem áhrif kunna að hafa á endanlegt verð ef ekki er hægt að gefa það upp fyrirfram. Í þeim tilvikum þar sem boðið er upp á fleiri en eina greiðslulausn getur kostnaður vegna þeirra verið mishár og sumar hverjar án viðbótarkostnaðar fyrir neytendur. Telur stofnunin því upplýsingagjöf um verð fyrir notkun greiðslulausnar á þeim gjaldsvæðum þar sem þjónustan er kynnt neytendum, vera mikilvæga í skilningi 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 sem verður ekki uppfyllt með því að tilgreina eingöngu að gjöld eigi við og neytendur geti nálgast fjárhæð þeirra á öðrum stað. Á þetta við óháð því hvort kynning á greiðslulausn fer fram á bílastæðum í umsjá félagsins eða þriðja aðila.
49. Með vísan til framangreinds hefur Parka brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að tilgreina ekki færslugjald þar sem greiðslulausn félagsins er kynnt og færslugjöld eiga við.



Vangreiðslugjald og upplýsingar um hærra gjald ef lagt er lengur en 4 klst.

50. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum í umsjá Parka kom í ljós að upplýsingum um vangreiðslugjald var ýmist komið á framfæri til neytenda innan um annan texta, í smærra lettri en aðrar verðupplýsingar eða á litlum límmiðum sem límdir höfðu verið á upplýsingaskilti gjaldsvæða. Gerði stofnunin í kjölfarið athugasemd við sýnileika upplýsinganna á eftirfarandi bílastæðum: Borgartúni 24, Brúarfossi, Brúarhlöðum, Bræðraborgarstíg 16, Fagradalsfjalli (P1), Fjallsjökli, Húsavík, Hverfjalli, Laufásgötu 4, Lágmúla 4, Múlagljúfri, Reykjadal, Reykjanesvita, Reynisfjöru (P1 og P2), Rútshelli, Skógafossi, Skíðaskálanum í Hveradölum, Sólheimajökli, Sólheimasandi, Urriðafossi og Volcano Skala (P2 og P4).
51. Auk framangreinds varð stofnunin vör við að upplýsingar um vangreiðslugjald skorti með öllu á bílastæðum í umsjá Parka að Dyrhólaey, Fagradalsfjalli (P3), Fjaðrárgljúfri, Geysi, Glanna, Gluggafossi, Jökulsárlóni, Kvernufossi, Stuðlagili (Klausturzel) og Sveinsstekk. Þá var gerð grein fyrir aukagjaldi sem leggst á neytendur ef ekki er greitt innan 24 klst á bílastæði við Skaftafell án þess að fjárhæð þess væri tilgreind. Stofnunin varð þess einnig vör að upplýsingum um hærra gjald ef lagt væri lengur en 4 klst. á bílastæði við Brúarfoss var birt innan um annan texta og í smærra lettri en verðupplýsingar á upplýsingaskilti svæðisins.
52. Eins og áður hefur komið fram hvílir afdráttarlaus skylda á seljendum til að upplýsa neytendur um endanlegt verð eða, ef ómögulegt er að tilgreina endanlegt verð fyrirfram, alla þá þætti sem áhrif hafa á endanlegt verð, áður en gengið er til viðskipta. Skyldan til að birta upplýsingar um verð þjónustu felur því ekki aðeins í sér skyldu til að birta þær heldur fylgir því jafnframt að upplýsingarnar þurfi að vera auðsýnilegar og þannig háttað að neytendur geti séð verð þjónustunnar með auðveldum hætti og án fyrirhafnar.
53. Í svörum Parka hefur verið vísað til þess að félagið hafi verið að vinna í því að uppfæra merkingar á skiltum í samstarf við rekstraraðila og á meðan beðið var eftir að merkingar færu upp á skiltum var ekki gengið á eftir vangreiðslugjöldum á viðkomandi svæðum. Þá kom einnig fram að vangreiðslugjald sé ekki lagt á vegna ógreiddrar viðveru á bílastæðum sem eru í rekstri Náttúruverndarstofnunar.
54. Undir meðferð málsins voru Neytendastofu afhentar myndir af uppfærðum merkingum gjaldsvæða í umsjá Parka þar sem vangreiðslugjald er tilgreint með jafn skýrum hætti og aðrar verðupplýsingar.
55. Að mati Neytendastofu teljast upplýsingar um vangreiðslugjald vera mikilvægar fyrir neytendur og þurfi að koma fram með skýrum hætti á gjaldsvæði. Þegar litið er til stærðar leturs og staðsetningu upplýsinga um fyrrnefnt gjald á þeim skiltum sem voru uppi á



gjaldsvæðum í umsjá Parka þegar skoðun stofnunarinnar fór fram og áður en úrbætur voru gerðar á hönnun skiltanna telur Neytendastofa að upplýsingum um vangreiðslugjald hafi ekki verið komið á framfæri við neytendur með skýrum og auðsýnilegum hætti. Þá telur stofnunin að það sama eigi við um upplýsingar um hærra gjald við Brúarfoss þegar lagt er lengur en 4 klst á svæðinu.

56. Með vísan til framangreinds braut Parka Lausnir gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 með því að tilgreina ekki fjárhæð vangreiðslugjalds með áberandi og auðsýnilegum hætti á gjaldskyldum bílastæðum félagsins þar sem skoðun Neytendastofu fór fram og vangreiðslugjald á við, auk þess að tilgreina ekki með áberandi og auðsýnilegum hætti hærra gjald ef lagt er lengur en 4 klst. á bílastæði við Brúarfoss.

Skortur á verðskrá

57. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum að Eyvindarholti, Malarriði, Skaftafelli og Stuðlagili (við Grund) kom í ljós að þar var ekki að finna verðskrá. Þá taldi stofnunin að til álita kæmi hvort að staðsetning verðskrár við Laufásgötu 4 og Reynisfjöru (P1) sé til þess fallin að hún sé ekki birt með áberandi hætti. Við Laufásgötu 4 var verðskrá staðsett þannig að sá sem keyrir inn um aðra af tveimur innkeyrslum á svæðið verður ekki var við verðskrá svæðisins meðan á viðveru hans stendur. Þá var verðskrá að Reynisfjöru (P1) staðsett þannig að ökumaður bifreiðar verður ekki var við hana fyrr en bifreið hefur verið yfirgefin.
58. Í svörum Parka kemur fram að skiltum hafi verið komið fyrir við Malarrið og Stuðlagil (við Grund) og að á öðrum stæðum sé unnið að nýrri skiltahönnun sem tekin verði í notkun í samráði við rekstraraðila stæðanna.
59. Seljendum ber að upplýsa neytendur um endanlegt verð vöru og þjónustu á sölustað þannig að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Verðskrá þarf að vera birt neytendum með skýrum og auðsýnilegum hætti þar sem þjónustan er boðin og skýrt hvaða þjónustu átt er við. Þannig skulu neytendur ávallt upplýstir um verð áður en til samningssambands stofnast.
60. Með vísan til framangreinds hefur Parka brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 með því að birta ekki verðskrá með áberandi og auðsýnilegum hætti á bílastæðum í umsjá félagsins að Eyvindarholti, Laufásgötu 4, Malarriði, Reynisfjöru (P1), Skaftafelli og Stuðlagili (við Grund).



Afmörkun gjaldsvæða

61. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum í umsjá Parka að Borgartúni 24, Brúarhlöðum, Dyrhólaey, Eyvindarholti, Geysi, Glanna, Húsavík, Kvernufossi, Laufásgötu 4, Lágmúla 4, Rútshelli, Sólheimasandi og Stuðlagili (við Grund) varð stofnunin þess vör að neytendum væri ekki fyllilega gerð grein fyrir því að ekið væri inn á gjaldskylt svæði. Nánar tiltekið vantaði ýmist upplýsingaskilti við innkeyrslu eða skilti við innkeyrslu á gjaldskylt svæði snéru þannig að ekki væri skýrt fyrir neytendur að þeir væru að aka inn á gjaldskylt svæði. Þá voru engar merkingar á bílastæði við Malarrið sem gáfu til kynna að um gjaldskylt svæði væri að ræða.
62. Þá var á bílastæðum að Borgartúni 24 og Lágmúla 4 ekki að finna aðgreiningu á lóðarmörkum við aðliggjandi lóðir sem gefi til kynna hvar gjaldsvæði endar.
63. Í svörum Parka hefur m.a. komið fram að ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samráði við rekstraraðila svæðanna. Þá kom fram að staðsetning skilta og fjöldi verði endurskoðaður við Sólheimasand auk þess að nýtt skilti hafi verið sett upp sem taki á athugasemdum stofnunarinnar við Stuðlagil (Grund).
64. Þrátt fyrir að Parka hafi bætt úr upplýsingum sínum við meðferð málsins telur Neytendastofa að upplýsingar um afmörkun gjaldsvæða Parka á áðurgreindum stæðum ekki hafa verið fullnægjandi á þeim tíma sem skoðun stofnunarinnar fór fram. Upplýsingar um að ekið sé inn á gjaldskylt bílastæði og að þar með stofnist til samningssambands eru því mikilvægar og til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.
65. Með vísan til framangreinds hefur Parka brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með ófullnægjandi merkingum til aðgreiningar á gjaldsvæði bílastæða að Borgartúni 24, Brúarhlöðum, Dyrhólaey, Eyvindarholti, Geysi, Glanna, Húsavík, Kvernufossi, Laufásgötu 4, Laugavegi 3, Lágmúla 4, Malarriði, Rútshelli, Sólheimasandi og Stuðlagili (við Grund).

Misræmi í upplýsingagjöf

66. Við skoðun Neytendastofu á bílastæði við Skaftafell varð stofnunin vör við að á upplýsingaskiltum svæðisins var tekið fram að hægt væri að greiða fyrir viðveru með smáforriti frá myparking, sem ekki var aðgengilegt til niðurrhals við skoðun Neytendastofu. Þá varð stofnunin þess vör að á bílastæðum við Fjallsjökul og Múlagljúfur var misræmi í upplýsingagjöf um gildistíma viðverugjalds. Annars vegar var á upplýsingaskiltum svæðanna kveðið á um að viðverugjald gildi í 4 klst. og hinsvegar 24 klst.



67. Auk framangreinds varð stofnunin þess vör að þegar gjaldskrá sem aðgengileg var á bílastæði P3 að Fagradalsfjalli var borin saman við gjaldskrá sem aðgengileg var á netinu var misræmi í fjárhæð viðverugjalds auk þess sem misræmi var í fjárhæð viðverugjalds á ólíkum upplýsingaskiltum á bílastæði P1 að Fagradalsfjalli. Þá varð stofnunin þess vör að engar merkingar um gjaldskyldu var að finna á bílastæði við Hótel Arnarstapa þrátt fyrir að svæðið væri skráð sem gjaldskylt í smáforriti Parka.
68. Í svörum Parka Lausna hefur komið fram að búið sé að samræma upplýsingar á vef, í smáforriti og á skiltum og að nú komi skýrt fram að viðskiptavinir hafi 4 klukkustundir til að greiða fyrir viðveru við Fjallsjökul og Múlagljúfur. Þá hefur komið fram að ný skiltahönnun verði tekin í notkun í samstarfi við rekstraraðila svæðanna og að hönnunin taki á athugasemdum stofnunarinnar og bætir framsetningu upplýsinga á bílastæðum við Fagradalsfjall (P1 og P3). Einnig kom fram að bílastæðin við Hótel Arnarstapa séu ekki lengur í þjónustu hjá Parka og að allar upplýsingar því tengdu hafi verið fjarlægðar af vefsíðu og úr smáforriti Parka.
69. Þegar fyrirtæki birtir upplýsingar um greiðsluleiðir og gjöld tengd viðveru á bílastæði þarf neytandi að geta treyst því að honum séu veittar réttar upplýsingar. Röng upplýsingagjöf er villandi skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 og getur verið til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti.
70. Með vísan til framangreinds hefur Parka brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með því að veita rangar upplýsingar um greiðslulausn til að greiða fyrir viðveru á bílastæði við Skaftafell, með því að veita rangar upplýsingar um gildistíma viðveru á bílastæðum við Múlagljúfur og Fjallsjökul og með því að veita rangar upplýsingar um gjaldskyldu á bílastæði við Hótel Arnarstapa. Þá hefur Parka einnig brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með röngum verðupplýsingum á bílastæðum að Fagradalsfjalli (P1 og P3).

Úrræði Neytendastofu

71. Undir rekstri málsins tóku gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirbyggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.
72. Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 telur stofnunin rétt að banna Parka Lausnum að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir stofnunin jafnframt þeim fyrirmælum til Parka Lausna að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa þar sem viðeigandi úrbætur hafa ekki farið fram nú þegar.



73. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (lex mitior). Brot gegn lögum nr. 57/2005 vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laganna en sektarrammi vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarrammi en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.
74. Með vísan til framangreinds og með heimild í 33. gr. laga nr. 44/2026 telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Parka Lausna alvarleg og til þess fallið að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að teljast til villandi viðskiptahátta. Að teknu tilliti til þessa, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, umbótavilja og aðgerða félagsins í kjölfar athugasemda stofnunarinnar, þeirra víðtæku áhrifa sem brotið hafði á neytendur og að um sé að ræða brot gegn fyrri ákvörðun Neytendastofu telur stofnunin hæfilegt að leggja á Parka Lausnir ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000 kr. (ein milljón krónur krónur) sbr. 33. gr. laga nr. 44/2026.

III. Ákvörðunarorð:

„Parka Lausnir ehf., Kringlunni 4 – 6, 103 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2025, *Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Parka Lausna ehf. vegna gjaldskyldra bílastæða*, með því að tilgreina ekki færslugjald eða viðbótargjald fyrir notkun smáforrits samhliða viðverugjaldi; með því að tilgreina ekki með skýrum og auðsýnilegum hætti vangreiðslugjald eða hærra gjald ef ekki er greitt fyrir viðveru við bílastæði að Barónstíg 4, Borgartúni 21, Egilsgötu 3, Eyravegi 1 og 2, Geirsgötu 11, Hátúni 2 og Laugavegi 3; með því að birta ekki verðskrá með skýrum og auðsýnilegum hætti á bílastæði að Vesturgötu 42; og með því að aðgreina ekki með skýrum hætti gjaldsvæði í umsjá félagsins að Barónstíg 4, Hverfisgötu 18 og Vesturgötu 42.

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að tilgreina ekki færslugjald á þeim gjaldsvæðum þar sem greiðslulausn félagsins er kynnt neytendum og gjald fyrir notkun hennar á við.

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að



tilgreina ekki fjárhæð vangreiðslugjalds eða herra gjalds sem greiða þarf sé ekki greitt fyrir viðveru innan fyrirframtilgreinds tíma með áberandi og auðsýnilegum hætti á gjaldskyldum bílastæðum félagsins þar sem skoðun Neytendastofu fór fram og gjaldið á við auk þess að tilgreina ekki með áberandi og auðsýnilegum hætti herra gjald ef lagt er lengur en 4 klst. á bílastæði við Brúarfoss.

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að birta ekki verðskrá með áberandi og auðsýnilegum hætti á bílastæðum í umsjá félagsins að Eyvindarholti, Laufásgötu 4, Reynisfjöru (P1), Skaftafelli og Stuðlagili (við Grund).

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með ófullnægjandi merkingum til aðgreiningar á gjaldsvæði bílastæða í umsjá félagsins að Borgartúni 24, Brúarhlöðum, Dyrhólaey, Eyvindarholti, Geysir, Glanna, Húsavík, Kvernufossi, Laufásgötu 4, Lágmúla 4, Malarriði, Rútshelli, Sólheimasandi og Stuðlagili (við Grund).

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að veita rangar upplýsingar um greiðslulausn til að greiða fyrir viðveru á bílastæði við Skaftafell, með því að veita rangar upplýsingar um gildistíma viðveru á bílastæðum við Múlagljúfur og Fjallsjökul og með því að veita rangar upplýsingar um gjaldskyldu á bílastæði við Hótel Arnarstapa.

Parka Lausnir ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að veita rangar upplýsingar um verð fyrir viðveru á bílastæðum að Fagradalsfjalli (P1 og P3).

Með heimild í a. lið 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 bannar Neytendastofa Parka Lausnum ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til Parka Lausna ehf. að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa á þeim gjaldsvæðum sem viðeigandi úrbætur hafa ekki farið fram nú þegar.



Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Parka Lausnir að fjárhæð 1.000.000 (ein milljón krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 30. júlí 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir